

Fundargerð

10. mars 2021

Samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga -

Jónsmessunefndar

10. mars 2021

Árið 2021, 10. mars kl. 14:00 kom samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga – Jónsmessunefnd – saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem stýrði fundi, Aldís Hafsteinsdóttir formaður sambandsins, Karl Björnsson framkvæmdastjóri sambandsins, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Guðmundur Árnason ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Einnig sátu fundinn: Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Guðrún Ögmundsdóttir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Tinna Dahl Christiansen sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, sem einnig ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir lið 1-5: Eiríkur Benónýsson, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Björn Þór Hermannsson skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri hjá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

Dagskrá:

1. Fundargerðir undirnefnda

Lögð var fram til kynningar fundargerð frá:

- a) Samráðsnefnd ríkis og sveitarfélaga um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu í opinberri þjónustu: frá 10. febrúar 2021.

2. Staða í opinberum fjármálum og vinna við gerð fjármálaáætlunar 2021

Drög að yfirlýsingu vegna samkomulags um opinber fjármál

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi þar sem fundarmenn samþykktu að búa til viðauka við núverandi samkomulag sem snýr að fjármálum í stað þess að gera nýtt. Sammælt var um að framreikna það samkomulag og það yrði uppfært á tæknilegum grunni. Ekki reyndist vera samstaða um þær upphæðir sem komu fram í drögum. Fram komu athugasemdir um að erfitt væri að búa til fjárhagsáætlanir á þeim talnagrunni sem til er hjá Hagstofunni. Sammælt var um að funda sem allra fyrst og finna sameiginlega lausn. Mælt er fyrir fjármálaáætlun 23. mars og því mjög skammur tími til stefnu.

Niðurstaða:

1. Fá fulltrúa frá Hagstofu og forsætisráðuneyti á næsta fund.

2. Boðað verður til fundar strax næsta föstudag til að ná sameiginlegri lendingu.

3. Álagningu fasteignaskatta á orkumannvirki – tillaga að málinu verði vísað til tekjustofnanefndar

Lögð var fram samantekt úr greinargerðum fyrir fundarmenn um málið og lagt til að málinu verði vísað til tekjustofnanefndar.

Að umfjöllun lokinni voru fundarmenn sammála um að vísa erindinu til tekjustofnanefndar.

4. Staða sjöttu aðgerðar í verkefnaskjali vegna samkomulags um opinber fjármál – til umræðu

Sjötta aðgerðin snýr að því að stuðla að betri gæðum gagna um þróun fjármála sveitarfélaga í samvinnu við Hagstofuna, sbr. fundarlið 2.

5. Skipun tekjustofnanefndar – til upplýsinga

Greint var frá því að beðið væri eftir tilnefningum frá sambandinu.

Fulltrúar sambandsins eru að vinna í málinu og munu skila tilnefningum af sér fyrir helgi.

6. Fréttabréf – Fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2021-2024

Lagt var fram til kynningar fréttabréf sambandsins um fjárhagsáætlanir A-hluta sveitarfélaga 2021-2024.

7. Minnisblað um stafrænt samstarf

Lagt var fram til kynningar minnisblað sambandsins, dags. 17. febrúar 2021, um stafrænt samstarf. Greint var frá því að búið væri að auka um 2 stöðugildi hjá sambandinu til að innleiða stafræna framþróun hjá sveitarfélögum.

8. Verkefni og verkefnaábyrgð á grundvelli samkomulags – staðan í mars

Greint var frá því að nokkur verkefni væru komin í gang og farið yrði betur yfir stöðuna á næsta fundi.

9. Önnur mál

Komið var inn á málefni fatlaðs fólks og barna með alvarlegar þroska og geðraskanir, vandinn væri orðinn yfirþyrmandi og mikilvægt væri að ná fótfestu í málaflokknum.

Næsti fundur nefndarinnar verður 7. apríl kl. 14:00.

Fundi var slitið kl. 15:05.

-TDC-